



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um málefni innflytjenda, 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 857 – 555. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um málefni innflytjenda. Með frumvarpinu er aðallega verið að lögfesta tilurð og starfsemi Fjölmenningsseturs og innflytjendaráðs sem þegar hafa unnið að málefnum innflytjenda um árabil. Markmið frumvarpsins er að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna og sjá til þess að tekið verði tillit til hagsmuna og skoðana innflytjenda við ákvarðanatökur innan stjórnarsýslunnar í málefnum sem þá varða.

MRSÍ fagnar frumvarpinu sem skrefi í rétta átt að bættri og samræmdri þjónustu við innflytjendur, aukinni þátttöku þeirra í samfélaginu og ákvarðanatöku innan þess, sem og að fræðslu og miðlun upplýsinga til almennings í því skyni að sporna við fordómum gagnvart innflytjendum. Í því sambandi vill MRSÍ beina því til stjórnvalda að innleiða eins skjótt og auðið er tilskipanir Evrópusambandsins nr. 2000/43/EB um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis auk tilskipunar nr. 2000/78/EB um bann við mismunun á vinnumarkaði og í atvinnulífi. Ólíkt frumvarpinu sem hér er til umsagnar fela tilskipanirnar í sér efnislega réttarvernd sem ná m.a. til innflytjenda.

MRSÍ telur ákvæði 8. gr. frumvarpsins mikilvægt, þ.e. að fjórða hvert ár skuli ráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda þar sem meðal annars skuli koma fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda á hverjum tíma. Ætla má að slík skýrslugjöf veiti aukið aðhald og bæti skilvirkni verkefna.

MRSÍ telur sérstaklega jákvætt að með frumvarpinu verði hlutverk og starfsemi Fjölmenningsseturs og innflytjendaráðs fest í sessi með lögum enda löngu orðið tímabært, en Fjölmenningssetur hefur verið starfrækt á grundvelli þingsályktunartillögu Alþingis síðan 2001.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri